

Fundargerð

326. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn
18. maí, 2016, kl 16.00 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Kjaramál**
 - a. Brákarhlíð
 - b. Sólvellir Eyrarbakka
 - c. Samstarfsnefndir
 - d. Erindi sjúkraliða á Eir
 - i. Meðferð málsins
- 4. Starfsmenntasjóður**
 - a. Sækja um kennitölur fyrir starfsmenntasjóði félagsins
- 5. Yfirferð yfir 25. Fulltrúaþing SLFÍ**
 - a. Stefna félagsins
- 6. Svar Persónuverndar vegna erindis frá sjúkraliða á LSH**
- 7. Fundur með Ragnheiði Þór Guðmundsdóttur, fagstjóra FB**
 - a. Beiðni um styrk
- 8. Fundur með Lilju Stefánsdóttur, sviðsstjóra Flæðisviðs LSH**
 - a. Ósk um viðbótarnám
- 9. EPN ráðstefnana**
 - a. Smáhlutir fyrir ráðstefnuna komnir í hús.
- 10. Fundur með Ingibjörgu R. Magnúsdóttur**
- 11. Afmælisnefnd SLFÍ**
- 12. Vinnurammi fyrir félagsdeildir SLFÍ**
- 13. Afgreiðsla á beiðni Suðurnesjadeildar um aukið framlag til deildarinnar**
- 14. KLIVUR – Viðmiðunarreglur um mannauðsframlag til eflingar trúnaðarmanna og trúnaðarmannaráða**

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og þakkaði stjórnarmönnum fyrir undirbúning og framkvæmd Fulltrúaþingsins.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Kjaramál

- KÁG fór yfir fund sem haldinn var á Brákarhlíð 18. maí um kröfu/ósk stjórnenda Brákarhlíðar um að sjúkraliðar sem kæmu til starfa héðan í frá færu á samning Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Engin niðurstaða varð á fundinum um hvert framhaldið yrði. Málið verður skoðað í samvinnu við lögmann félagsins. Starfandi sjúkraliðar á Brákarhlíð hafa fengið launahækkanir í takt við samning félagsins við sveitarfélögin.
- Sólvellir Eyrarbakka. Þar eru sjúkraliðar komnir í SLFÍ og eru á samningi sveitarfélaga.
- Samstarfsnefndafundur var í dag á LSH og þar voru rædd mál sem ekki hafa fengist afgreidd og farið var yfir uppfærslu á stofnanasamningi vegna potts sem kemur til leiðréttingar stofnanasamninga á stofnunum ríkisins. Fram kom að LSH hefur fengið upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu um hver þeirra hluti verður af pottgreiðslum sem fara eiga í stofnanasamning SLFÍ, júní 2016.
- Fram kemur í greinargerð frá sjúkraliðum á Eir að breytingar hafi orðið á einni deildinni, þ.s. áður var ákveðinn fjöldi endurhæfingarsjúklinga frá LSH og biðrúm fyrir fólk sem beið eftir vistun á Eir. Deildinni hefur nú verið breytt í að eingöngu eru endurhæfingarsjúklingar frá LSH, með 24 sjúklingum frá spítalanum.

Við þessar breytingar hefur álag á starfsfólk aukist gríðarlega og starfsemin öll orðið þyngri/meiri hjúkrun, en sjúkraliðum hefur ekki verið fjölgað eða launakjör verið löguð í takt við breytingar á starfsumhverfi, þrátt fyrir háværar kröfur þar um.

Til stendur að senda greinargerðina/bréf á Heilbrigðisnefnd Alþingis, Embætti landlæknis, Vinnueftirlitið og samstarfsnefnd SLFÍ og SFV, en sjúkraliðarnir vildu fá ákveðinn umhugsunarfrest um þá afgreiðslu málsins.

- Enn hefur ekkert gerst í samstarfsnefnd SLFÍ og SFV vegna þess ágreinings sem verið hefur vegna launasetningar sjúkraliða á Eirhömrum, sem starfa við heimahjúkrun. Beðið er eftir næsta fundi í samstarfsnefnd og ef ekkert gerist á honum eru allar líkur á að það þurfi að stefna stjórnendum Eirar fyrir Félagsdóm vegna rangrar launaröðunar sjúkraliða í heimahjúkrun og vegna vanefnda á uppfærslu stofnanansamnings.

4. Yfirferð yfir 25. Fulltrúaþing SLFÍ

Fram kom að fulltrúaþing félagsins hafi gengið mjög vel fyrir sig í alla staði. KÁG fór yfir að gleymst hefði að bera undir þingið uppfærsluna á stefnu félagsins.

Breytingarnar hafi ekki verið stórvægilegar, en það væri miður að það hafi gleymst.

Í síðasta kjarasamningi SLFÍ við ríkið var ákveðið að færa Starfsmenntunarsjóð BSRB inn til félagsins og um leið að endurskoða allar greiðslur sem ríkið greiðir í menntasjóði félagsins. Jafnframt þurfti að endurskoða skipulag sjóðanna, skipan stjórnar og fá kennitölur fyrir sjóðina. Lagabreytingar og skipulagskrár sjóðanna voru samþykktar á 25. Fulltrúaþingi SLFÍ og það liggur fyrir að sækja þarf um kennitölu fyrir sjóðina og mun það verða gert af JJS.

5. Fundur með Ingibjörgu R Magnúsdóttur

KÁG fór yfir að hún og Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri SLFÍ hefðu fundað með Ingibjörgu R Magnúsdóttur (IRM) í dag og rætt hugmynd félagsins um að nýta fjármunina frá henni til styrktar rannsóknnum á menntun sjúkraliða. Hugmynd væri um að auka fjármagn í sjóðinn með beiðnum um styrki frá ákveðnum aðilum/fyrirtækjum. IRM leist vel á hugmyndina.

Ákveðið var að þeir fjármunir félagsins, sem eru á biðreikningi verði lagðir í þennan sjóð. Áfram verður unnið með málið.

6. Svar Persónuverndar vegna erindis frá sjúkraliða á LSH

- KÁG gerði grein fyrir að sjúkraliði á LSH hefði komið með erindi til félagsins vegna upplýsingaöflunar og skráningar á LSH um heilsufar starfsmanna. Erindið var sent á Persónuvernd og svar barst í síðustu viku um að LSH fengi hálfsmánaðar frest til að svara ákveðnum spurningum frá Persónuvernd varðandi málið.
- SLFÍ sendi erindi á Persónuvernd um hvort félagið hefði leyfi til að senda upplýsingar um félagsmenn til BSRB. Svar barst í dag þ.s. skilja má svarið sem höfnun á því að veita slíkar upplýsingar án leyfis félagsmanna. Svarið hefur verið sent á lögfræðing BSRB.

7. Fundur með Ragnheiði Þóru Guðmundsdóttur, fagstjóra FB

KÁG fór yfir að fundur hafi verið með Ragnheiði, fagstjóra sjúkraliðabrautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Á fundinum kom m.a. fram að bæta/breyta ætti aðstöðu sjúkraliða í skólanum og setja upp myndir af sjúkraliðum við mismunandi störf/aðstæður. Óskað var eftir að félagið styrkti breytingarnar sem væru í vendum. Ákveðið var að styrkja brautina í tengslum við afmæli skólans á síðasta ári og 50 ára afmæli SLFÍ. Beðið er eftir upplýsingum frá skólanum um kostnaðinn og þá verður tekin afstaða til upphæðarinnar.

8. Fundur með Lilju Stefánsdóttur, sviðsstjóra Skurðsviðs LSH

Fram kom að fulltrúar LSH hefðu óskað eftir fundinum. Sérstaklega var fjallað um skort á sjúkraliðum á LSH og væntanlegan vaxandi skort. Fulltrúar félagsins og LSH voru sammála um að nauðsynlegt væri að vinna saman að fjölgun sjúkraliða. Rætt var um að auka möguleika sjúkraliða á viðbótarmenntun, m.a. var rætt um möguleika á einnar annar viðbótarnámi, sem verður skoðað áfram. Fulltrúar SLFÍ fóru yfir að nauðsynlegt væri fyrir stjórnendur innan heilbrigðiskerfisins að vera upplýstir um menntun sjúkraliða o.fl. Einnig var rætt um að auka nýtingu á fagmenntun sjúkraliða og virðing fyrir náminu/starfinu gæti verið liður í að fjölga sjúkraliðum.

9. EPN ráðstefnan

Undibúningurinn er í mjög góðum farvegi. Dagskrá og öll gögn hafa verið send út. Óskað hefur verið eftir að þátttakendur skrái sig til setu á ráðstefnunni.

JJS og JT sýndu þá muni sem verða afhentir gestum ráðstefnunnar
JJS og JT sjá um kaup á mat og drykkjum fyrir móttökuna 30. maí.

10. Afmælisnefnd SLFÍ

Vinnan og undirbúningur afmælisins sem verður 18. nóvember er í fullum gangi og gengur vel. KÓ gerði grein fyrir að staðfesting hefði borist frá Iceland air hotels um pöntun félagsins á sal og veitingum. Ákveði hefur verið smíða nælu til að veita sem viðurkenningu til þeirra aðila sem heiðraðir verða og er það mál í vinnslu.

11. Vinnurammi fyrir félagsdeildir SLFÍ

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) fór yfir þau drög sem hún setti upp og voru þau rædd og þær breytingartillögur sem komnar voru fram.

12. Afgreiðsla á beiðni Suðurnesjadeildar um aukið framlag til deildarinnar

JJS gjaldkeri SLFÍ fór yfir beiðnina og ákveðið var að deildin fengi 305.000 kr. sem er í takt við það sem aðrar deildir félagsins hafa fengið.

13. KLIVUR - Viðmiðunarreglur um mannauðsframlag til eflingar trúnaðarmanna og trúnaðarmannaráða

JJS fór yfir umræðu sem var í hópnum um nýtingu 0,1% sem greitt er af öllum launum í sjóði félagsins og á að nýtast í þágu trúnaðarmannastarfa og mannauðsmála.

Önnur mál

- Greiðsla fyrir fundarsetur í stýrihópi vegna bókunar 10.
 - Farið var yfir beiðnina og rætt að ekki er hefð fyrir að greiða fyrir slíkar fundasetur. Greitt er fyrir akstur og fyrir liggur að vinnuveitandi skerðir ekki launin þó fundir séu á vinnutíma.
- Fánafestingar á félagsaðstöðu.
 - Ákveðið var að kaupa og setja upp fánafestingar við inngang félagsaðstöðunnar.
- Umræða var um hátíðarfána félagsins. Rætt var um að kanna hvort hægt sé að búa til slíkan fána í Pakistan. Verð liggur ekki fyrir og málið verður rætt síðar.

Fundi slitið kl. 18.45.